

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um árekstra á gangbrautum og gangstéttum.

1. *Hversu margir hafa fengið sekt á ári undanfarin fimm ár fyrir að keyra á vegfarendur á gangbraut annars vegar og gangstétt hins vegar?*

Við vinnslu fyrirspurnarinnar var óskað eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu reyndist ekki unnt að kalla fram fullnægjandi tölfræði úr málaskrá lögreglunnar út frá þeim forsendum sem settar eru fram í fyrirspurninni.

2. *Hversu margir hafa fengið annars konar refsingu á ári undanfarin fimm ár fyrir að keyra á vegfarendur á gangbraut annars vegar og gangstétt hins vegar?*

Vísað er til svars við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. *Hversu mörg atvik hafa verið skráð á ári undanfarin fimm ár vegna árekstra bifreiða við vegfarendur á gangbraut annars vegar og gangstétt hins vegar?*

Samgöngustofa ber ábyrgð á og sér um greiningu slysa, sem stofnunin byggir annars vegar á skýrslum lögreglu og hins vegar upplýsingum frá Aðstoð & Öryggi sem sinnir minni háttar umferðarslysum. Svarið við þessum lið fyrirspurnarinnar byggist því á upplýsingum frá Samgöngustofu.

*Fjöldi árekstra bifreiða við gangandi vegfarendur á gangbraut og gangstétt.*

	2018	2019	2020	2021	2022
Ekið á fótgangandi á gangbraut	15	23	9	20	20
Ekið á fótgangandi á gangstétt og utan akbrautar	20	16	6	12	10
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>39</b>	<b>15</b>	<b>32</b>	<b>30</b>

*Fjöldi árekstra bifreiða við hjólreiðamenn á gangbraut og gangstétt.*

	2018	2019	2020	2021	2022
Ekið á hjólreiðamann á gangbraut	16	16	14	26	33
Ekið á hjólreiðamann á gangstétt	5	6	7	10	13
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>22</b>	<b>21</b>	<b>36</b>	<b>46</b>

4. *Hvers konar farartæki áttu hlut að máli í árekstrum skv. 1.–3. tölul.?*

Í svari við þessum tölulíð fyrirspurnarinnar er byggt á greiningu Samgöngustofu á þeim gögnum sem vísað er til í svari við 3. tölul.

*Tegundir farartækja sem áttu hlut að máli í árekstrum við gangandi vegfarendur.*

	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Fólksbifreið	78%	75%	55%	74%	82%
Reiðhjól	3%	5%	0%	3%	1%
Rafmagnsvespa	1%	1%	2%	3%	1%
Annað (t.d. hópbifreið, vörubifreið o.fl.)	18%	18%	43%	20%	15%

*Ekið á hjólreiðamann á gangbraut greint eftir fararskjótum hjólreiðamanna.*

	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Reiðhjól	56%	69%	64%	38%	21%
Raf- eða vélknúðið hlaupahjól	0%	0%	21%	58%	70%
Rafmagnsvespa	38%	19%	0%	4%	9%

*Ekið á hjólreiðamann á gangstétt greint eftir fararskjótum hjólreiðamanna.*

	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Reiðhjól	80%	50%	29%	50%	54%
Raf- eða vélknúðið hlaupahjól	0%	0%	43%	30%	38%
Rafmagnsvespa	20%	33%	14%	20%	8%